

**UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUNEFND ALÞINGIS**

1. júní 2022

**EFNI: FRUMVARP TIL LAGA UM STEFNUMÓTANDI BYGGÐAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2022-2036, 536. MÁL.**

Ánægjulegt er að sjá í frumvarpi til laga um stefnumótun byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 að horft er til frekari skilgreiningar og eflingu íþróttahéraða með hag, barna og ungmenna að leiðarljósi.

Forsvarsfólk Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) hafa bent á nauðsyn þess að ræða um endurskoðun á skipulagi íþróttahéraða á Íslandi, hlutverkum þeirra, stærð og markmiði. Íþróttahéruðin geta verið skilvirkari og skilað bæði félögum, iðkendum og félagsfólki meiri ávinningi en þau gera nú. Ávinningurinn fæst með því að auka flæði á milli íþróttahéraða, byggja brýr á milli þeirra með það markmið í huga að auka samvinnu þeirra á milli og samstarf.

Í dag skiptist Ísland upp í 25 íþróttahéruð, þar sem annars vegar eru sjö íþróttabandalög og hins vegar átján héraðssambönd, sem ÍSÍ og UMFÍ ákveða skv. íþróttalögum. Hlutverk íþróttahéraðanna er að vinna að fjölbreyttum hagsmunamálum íþrótt- og ungmennafélaga á hverju svæði.

Mörg íþróttahéraðanna voru sett á laggirnar á öðrum og þriðja áratug tuttugustu aldar, nokkur á fimmta áratugnum og örfá síðar. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Veigamiklar breytingar hafa hins vegar ekki orðið á lögbundnu hlutverki héraðanna frá stofnun þeirra. Byggða- og tækniþróun hefur tekið stakkaskiptum sem meðal annars hefur skilað sér í betri samskiptum á milli svæða og fólksins sem þar býr. Því má velta fyrir sér hvort sá grunnur sem íþróttahéruðin byggja á sé mögulega barn síns tíma. Mögulega þarf að skoða sameiningu íþróttahéraða eða styrkingu þeirra sem eru í dreifðari byggðum með einum eða öðrum hætti til að jafna hlut þeirra og koma til móts við iðkendum og félagsfólk.

Eins og fram kemur í frumvarpinu sem hér er til umsagnar þarf að tryggja rétt íbúa landsins óháð búsetu og að sem flestir – bæði landsmenn og innflytjendur – fái

tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Til að svo megi vera þarf að tryggja að íbúarnir hafi aðgang að íþróttum og öðru skipulögðu tómstundastarfi óháð búsetu og efnahag.

Í nútímasamfélagi hafa störf veigaminni áhrif en áður á þá ákvörðun hvar fólk velur sér búsetu. Þegar kemur að vali á búsetu horfir fólk, sérstaklega fjölskyldufólk, fremur til þess hvað er í boði fyrir börnin og hvert framboðið er á íþróttum.

Þar sem tryggt framboð er á íþróttum og skipulögðu frístundastarfi þar má gera ráð fyrir að íbúum líði betur en þar sem framboðið er ekki nægjanlegt. Niðurstöður kannana fyrirtækisins Rannsóknna og greiningar sýna einmitt að ástundum íþróttanna í skipulögðu starfi hefur gríðarlega mikilvægt forvarnargildi og dregur úr líkum á að iðkendur sýni áhættu hegðun, fari jafnvel út á glapstigu og lendi í klóm fíknar. Hreyfingin hefur jafnframt góð áhrif á andlega og líkamlega líðan iðkenda.

Ljóst er því að mikilvægt er að huga að framboði íþróttanna um allt land í byggðaráætlun stjórnvalda.

## **Saman erum við öll betri**

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga á Íslandi. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ, að langmestu leyti íþróttafélög. Iðkendur eru að stórum hluta börn og ungmenni og félagsfólk foreldrar þeirra um allt land.

Mikil umræða hefur átt sér stað um þróun og endurskoðun íþróttahéraða innan UMFÍ og fór á vordögum 2022 40 manna hópur frá UMFÍ til Noregs að kynna sér málefni og endurskoðun íþróttahéraða þar í landi. Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Með ungmennafélagskveðju,  
f.h. Ungmennafélags Íslands

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
kynningarfulltrúi UMFÍ

t-póstur: [jon@umfi.is](mailto:jon@umfi.is)

sími: 568 29 29